

## Fundargerð hreppsnefndar 09. júní 2016

Fundur nr. 43 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 9. júní 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir:

a) Menningarmálanefndar dags. 17.maí 2016

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b) Hafnarnefndar dags. 24. maí 2016

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 31. maí 2016

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d) 27. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

e) 129. fundar HAUST

Lagt fram til kynningar.

f) 8. fundar stjórnar SSA

Lagt fram til kynningar.

g) 144. fundar félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

h) Stjórnar Héraðsskjalasafns Austurlands dags. 31. maí 2016

Lagt fram til kynningar.

#### 2. Almenn mál:

a. Ársskýrsla HAUST 2015

Lagt fram til kynningar.

b. Svæðisskipulag Austurlands – Austurland til framtíðar

Lagt fram til kynningar.

c. Drög að dagskrá aðalfundar SSA 7.-8. október 2016

Lagt fram til kynningar.

d. Drög að samstarfssamningi milli Framhaldsskólans á Laugum, Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps  
Lagt fram til kynningar.

e. Húsnæðismál framhaldsskóladeildar á Vopnafirði  
Sveitarstjóri kynnti stöðu málsins og málið rætt. Síðan lagði sveitarstjóri fram eftirfarandi tillögu:  
„Geri hér með tillögu um að framhaldsdeildin verði til húsa í Kaupvangi næstu tvö árin. Hluti Múlastofu verði tekinn niður á starfstíma skólans. Að vori 2017 verði farið yfir húsnæðismál skólans með hliðsjón af hvernig til hefur tekist“. Samþykkt með 6 atkv., Eyjólfur sat hjá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:00.

[Fylgigögn fundar 090616.pdf](#)